

**3375. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
31. maí 2019 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir varamaður, Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 1901009 - Fundargerðir 2019 - menningar- og safnanefnd

70. fundargerð menningar- og safnanefndar frá 20. maí 2019.

71. fundargerð menningar- og safnanefndar frá 22. maí 2019

Fundargerðirnar lagðar fram.

2. 1901119 - Frumvörp, reglur og þingsályktunartillögur til umsagnar 2019

753. mál til umsagnar, frumvarp til laga um matvæli (sýklalyfjanotkun).

825. mál til umsagnar, tillaga til þingsályktunar um hagsmunafulltrúa aldraðra.

256. mál yður til umsagnar, tillaga til þingsályktunar um stöðu barna 10 árum eftir hrún.

844. mál yður til umsagnar, frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (hækkan lífeyris).

Lagt fram.

3. 1905409 - Mánaðar- og árshlutauppgjör 2019

Þriggja mánaða uppgjör lagt fram.

Þorgeir H. Jónsson fjármálastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Lagt fram.

4. 1904130 - Gjaldskrá - gatnagerðargjöld

Tillaga að breytingu á gjaldskrá gatnagerðagjalda.

Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Lagt fram.

Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.

5. 1810140 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2019-2022

Viðauki við fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2019-2022 var samþykkt á fundi skipulags- og umhverfisráð þann 20 maí síðastliðinn og vísað til staðfestingar í bæjarráði.

Sigurður Páll situr áfram undir þessum lið.

Bæjarráð samþykkir breytingar á fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun ársins og vísar málínus til bæjarstjórnar til endanlegrar afgreiðslu með gerð viðauka.

Breytingin felur í sér um 18,4 mkr. aukningu í fjárfestingum og verður heildarfjárfesting ársins því samtals um 1.218.991.000 í stað 1.200.595.000

6. 1905206 - Hleðslustöðvar á Akranesi - samstarf

Samkomulag við Orkuveitu Reykjavíkur og Veitna og tillaga um staðarval fyrir hleðslustöðvar á Akranesi.

Sigurður Páll situr áfram undir þessum lið.

Bæjarráð samþykkir samkomulag Akraneskaupstaðar, Orkuveitu Reykjavíkur og Veitna, um uppbyggingu innviða til hleðslu á rafbílum á Akranesi.

Bæjarráð samþykkir að gera ráð fyrir útgjöldum vegna bessa í fjárhagsáætlun 2019, samtals kr. 4,0 mkr. Orkuveita Reykjavíkur leggur til sömu fjárhæð sem mótfamlag og Veitur munu annast og kosta lagningu nauðsynlegra rafmagnsstrengja að væntanlegum hleðslubúnaði.

Fjármunum verður ráðstafað af deild 11850 og færðir á deild 11890.

Fundi frestað til kl. 11:00 vegna fundar formanns bæjarráðs með Gunnari Guðlaugssyni nýjum forstjóra Norðuráls.

7. 1905365 - Atvinnumál - verkefni

Tillaga bæjarstjóra um aukningu sérfræðiaðstoðar vegna atvinnuuppbyggingu á Akranesi og tilfærslu fjármuna o.fl.

Sigurður Páll situr áfram undir þessum lið.

Bæjarráð samþykkir að fara ekki í ráðningarfeli á nýjum verkefnastjóra atvinnumála sem látið hefur af störfum og nýta í þess stað fjármagn vegna launakostnaðar verkefnastjóra til aðkeyptrar sérfræðibjónustu vegna verkefna sem tengjast atvinnuuppbyggingu á Akranesi.

Fjárhæð kr. 7.000.000 færist af launaliðum verkefnastjóra, deild 13020, yfir á önnur sérfræðibjónusta 13020-4390 og er vísað til bæjarstjórnar til endanlegrar afgreiðslu með gerð viðauka. Áætlun vegna ársins 2020 vegna verkefnastjóra atvinnumála er kr. 14.000.000 og skal sú fjárhæð færð á önnur sérfræðibjónusta 13020-4390 við fjárhagsáætlunargerð 2020.

Viðbótarkostnaði, samtals að fjárhæð kr. 13.000.000, í fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun vegna ársins 2020 er vísað til fjárhagsáætlunargerðar 2020. Bókun RÓ fulltrúa Sjálfstæðisflokkssins:

Á fundi bæjarráðs þann 30. ágúst 2018 ákvað meirihluti bæjarráðs að ráða til starfa verkefnastjóra atvinnumála. Bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokkssins benti þá á að um verulega breytingu frá stefnu síðustu bæjarstjórnar væri um að ræða þar sem mikil áhersla var lögð á aukið samstarf við atvinnuráðgjöf Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi m.a. með því að opna skrifstofu og auka viðveru atvinnuráðgjafa SSV á Akranesi. Þar af leiðandi töldu bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins skynsamlegra að halda áfram á sömu braut og efla samstarfið við SSV í atvinnumálum fremur en að ráða til þess sérstakan verkefnastjóra með tilheyrandi kostnaðarauka. Bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokkssins fagnar því núverandi tillögu um að fara ekki í nýtt ráðningaráferli á verkefnastjóra atvinnumála og fara frekar þá leið að nýta aðkeypta sérfæðibjónustu vegna verkefna tengdum atvinnumálum. Þessi niðurstaða er í takt við þá bókun sem bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokkssins lagði fram þann 30. ágúst 2018.

Rakel Óskarsdóttir (sign).

8. 1905392 - Málefni Faxaflóahafna

Málefni Faxaflóahafna.

Ragnar B. Sæmundsson og Ólafur Adolfsson fulltrúar Akraneskaupstaðar í stjórn Faxaflóahafna taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Farið yfir stöðu mála í tengslum við aðalfund Faxaflóahafna sem fyrirhugaður er síðar í mánuðinum.

Ragnar B. Sæmundsson víkur af fundi.

9. 1905393 - Málefni Grundartanga

Málefni Grundatangasvæðis.

Ólafur Adolfsson situr fundinn undir þessum lið.

Farið yfir svíðsmyndagreiningu o.fl. í tengslum við starfsemi Próunarfélags Grundartanga ehf.

*Valgarður L. Jónsson víkur af fundi undir afgreiðslu málsins.
GJJ tekur sæti á fundinum undir afgreiðslu málsins.*

Ólafur Adolfsson víkur af fundi.

10. 1705014 - Tónlistarskólinn - samstarfssamningur (fleiri samningar)

Frágangur samstarfssamnings Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar um TOSKA

Sigurður Páll situr áfram undir þessum lið.

Bæjarráð samþykkir samstarfssamning Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar um rekstur Tónlistarskóla Akraness.

Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins m.a. samskipti við ráðuneyti sveitarstjórnarmála vegna könnunar þess á samstarfssamningum sveitarfélaga.

11. 1811110 - Íbúaþing um skólamál

Skóla- og fristundaráðs samþykkti á fundi sínum 21. maí 2019 að vísa í bæjarráð ósk um fjármagn til framkvæmda íbúaþings um skólamál að upphæð 1 m.kr.

Bæjarráð samþykkir að veita viðbótarfjármagni, samtals að fjárhæð 1,0 mkr., til að standa straum af kostnaði (aðkeypt þjónusta, veitingar og auglýsingakostnaður) vegna íbúaþings um skólamál sem halddið verður í september næstkomandi. Fjárhæðinni verður ráðstafað af liðnum 20830-4995 og færð á deild 04020.

12. 1903222 - Samningur um félagsþjónustu og barnavernd milli Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar

Samningur um félagsþjónustu og barnavernd milli Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar

Bæjarráð samþykkir samning Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar um félagsþjónustu og barnavernd. Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins m.a. samskipti við ráðuneyti sveitarstjórnarmála vegna könnunar þess á samstarfssamningum sveitarfélaga.

Samningurinn er tímabundinn til eins árs til reynslu.

Bæjarráð vísar málínu til bæjarstjórnar til endanlegrar afgreiðslu með gerð viðauka.

13. 1811188 - Tryggingar Akraneskaupstaðar - útboð

Næstu skref vegna tryggingamála Akraneskaupstaðar.

Bæjarráð samþykkir að ganga til samninga við Tryggingamiðstöðina (TM) vegna trygginga Akraneskaupstaðar til ársloka 2021 með heimild til framlengingar tvísvar sinnum í eitt ár í senn. Tryggingarmiðstöðin var með næstlægsta tilboðið en tilboð VÍS sem var lægst, telst ógilt þar sem félagið hyggst ekki opna útibú á Akranesi líkt og krafist var samkvæmt 6. kafla útboðs Akraneskaupstaðar.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að ganga til samninga við TM samkvæmt skilmálum útboðsins og frekari úrvinnslu málsins.

14. 1905256 - Samstarfssamningur við Kaja Organic ehf.

Tillaga að samstarfssamningi milli Akraneskaupstaðar og Kaja organic ehf. um veitingasölu í þjónustuhúsi við Guðlaugu. Samstarfið er tilraunaverkefni sem gildir frá 25. maí til 31. ágúst 2019.

ELA og GJJ samþykkja samstarfssamning Akraneskaupstaðar og Kaja organic ehf. til reynslu.

RÓ situr hjá við afgreiðsluna.

15. 1905185 - Faxabraut 3 - sala á fasteign (fastanúmer 232-3858)

Kauptilboð vegna Faxabrautar 3.

Bæjarráð samþykkir kauptilboðið og felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.

Bæjarráð vísar málínu til bæjarstjórnar til endanlegrar afgreiðslu með gerð viðauka.

16. 1905371 - Lopapeysan 2019 - umsögn

Umsagnarbeiðni og umsókn Vina hallarinnar ehf. um tækifærисleyfi til áfengisveitinga vegna Lopapeysunnar 2019 sem halda á í Sementsskemmunni, Faxabraut við Akraneshöfn, Akranesi 6. júlí 2019.

Bæjarráð samþykkir að atburðurinn Lopapeysan verði til klukkan 04:00 aðfararnótt 7. júlí 2019.

17. 1905164 - Fjöliðjan - bruni

Eldsvoði í kom upp í Fjöliðjunni og miklar skemmdir urðu á húsnæðinu og búnaði. Unnið er að tjónamati vegna hússins en fyrir liggur tilboð um afgreiðslu tjónabóta vegna lausafjármuna.

Bæjarráð samþykkir uppgjör tjónabóta (24,5 mkr.) vegna eldsvoðans í húsnæði Fjöliðjunnar að Dalbraut 10 þann 7. maí síðastliðinn.

Bæjarráð vísar málínu til bæjarstjórnar til endanlegrar afgreiðslu með gerð viðauka.

18. 1905412 - Ægisbraut - flutningur (hliðrun) á grjótvörn

Flutningur (hliðrun) á hluta grjótvarnar við Ægisbraut er nauðsynleg vegna óvenjulegrar legu hennar þétt við mannvirkni á lóð.

Bæjarráð samþykkir útgjöld að fjárhæð 1,0 mkr. vegna tilfærslu grjótvarnar við Ægisbraut og vísar til bæjarstjórnar til endanlegrar afgreiðslu með gerð viðauka.

Fjárhæðinni er ráðstafað af liðnum 20830-4990 og færð á deildina Sjóvarnir 07440.

19. 1905018 - Grænbók um stefnu í málefnum sveitarfélaga

Umsögn Akraneskaupstaðar um Grænbók - stefna um málefni sveitarfélaga.

Bæjarráð mun vinna umsögn um málið.

Næsti fundur bæjarráðs verður miðvikudaginn 12. júní í stað reglulegs fundar sem áætlaður var fimmtudaginn 14. júní næstkomandi.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:15.

Éisa Lára Árnarðóttir.

Gerdur Jóhanna Jóhannsdóttir
Rannveig Þórssdóttir

Sæm fryr kniðsu

Óliver Achegmon
Valgerður L. Fríðrún